

Fimmtudaginn 18. nóvember 1993.

Nr. 248/1992. **Ægir Stefán Hilmarsson**

(Sigurmar Albertsson hrl.)

gegn

**Jóni Oddssyni**

(sjálfur).

Skaðabótamál. Lögmenn.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein og Gunnlaugur Claessen ríkislögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. júní 1992. Hann krefst þess, að stefndi greiði sér 115.900 krónur með dráttarvöxtum af 105.900 krónum frá 1. júní 1986 til 1. nóvember sama ár, en af 115.900 krónum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfu áfrýjanda að málskostnaður verði felldur niður.

Áfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt ljósrit af tilkynningu til firmaskrár. Þar kemur fram, að „Axið-Brauðgerð“ er skráð í firmaskrá Reykjavíkur 19. febrúar 1986. Samkvæmt tilkynningunni er Ólafur Arnars eigandi, og ber hann ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum fyrirtækisins. Þá hafa siðareglur lögmanna verið lagðar fyrir réttinn.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Áfrýjandi byggir málsókn sína á hendur stefnda á því, að hann hafi valdið sér tjóni á saknæman hátt með því að sinna ekki lögmannsskyldum sínum við innheimtu kröfu um vinnulaun á hendur Ólafi Arnars, sem rak bakaríið Axið, en varð gjaldþrota 1. júní 1987. Fram er komið, að áfrýjandi vann í bakaríinu og að stefndi tók að sér að innheimta vinnulaun hans fyrir tímabilið 3. mars 1986 til 12. maí sama ár. Stefndi ritaði innheimtubréf 4. júní 1986 á nafn Ólafs Árnasonar, Skólagerði 17, Kópavogi, og krafðist ógreiddra vinnulauna áfrýjanda fyrir greint tímabil hjá bakaríinu Axinu. Bygðði stefndi bréf þetta á upplýs-

ingum áfrýjanda. Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands hafði Ólafur Arnars á þessum tíma aðsetur að Skólagerði 17, þótt hann ætti þar ekki lögheimili. Stefndi virðist síðan ekkert hafa aðhafst við innheimtuna, fyrr en hann ítrekaði bréf þetta 4. október sama ár á sama nafn og heimilisfang. Þann sama dag sendi hann gíróseðil til áfrýjanda og krafðist 10.000 króna innborgunar vegna útlagðs kostnaðar við málið. Gögn liggja ekki fyrir um frekari aðgerðir stefnda í málinu. Áfrýjandi greiddi gíróseðilinn í október 1986. Hann höfðaði mál þetta í héraði 19. apríl 1988 til endurgreiðslu innborgunarinnar og þess kaups hjá Axinu, sem hann taldi sig ekki hafa fengið greitt úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 23/1985 um ríkisábyrgð á launum, þar sem stefndi hefði ekki lýst kröfu í gjaldþrotabú Ólafs Arnars. Stefndi heldur því fram, að hann hafi ekki getað sinnt innheimtunni frekar vegna ónógra upplýsinga, sem hann hafi margbeðið áfrýjanda að bæta úr. Áfrýjandi svarar því til, að hann hafi látið stefnda í té dagbók sína, þar sem vinnustundir sínar hafi komið fram, en þessu neitar stefndi. Áfrýjandi segist hafa margsinnis spurt stefnda um innheimtumálið, en án árangurs. Hann hafi í árslok 1987 frétt það hjá fyrrum vinnufélögum sínum, að þeir hafi fengið þau vinnulaun, sem þeir áttu inni við gjaldþrot Ólafs Arnars, greidd úr ríkissjóði. Hann hafi þá loks komist að því, að stefndi hafi ekki fylgt innheimtunni eftir og ekki lýst kröfu sinni í gjaldþrotabúíð.

Héraðsdómur hefur dæmt stefnda til að endurgreiða framangreinda innborgun, og hefur stefndi fallist á þau málalok. Er héraðsdómurinn staðfestur að þessu leyti. Stefndi tók að sér sem lögmaður að innheimta þau laun, sem áfrýjandi taldi sig eiga inni hjá brauðgerðinni Axinu. Í því fólst meðal annars að afla upplýsinga um málið. Hann gat með því að hafa samband við firmaskrá komist að því, hver bar ábyrgð á rekstri fyrirtækisins, og manntalsyfirvöld gátu gefið honum upp heimilisfang þess manns. Er ekki annað fram komið en halda hefði mátt innheimtunni til laga, ef stefndi hefði sinnt þessum skyldum sínum. Laun áfrýjanda hefðu þá greiðst úr ríkissjóði við gjaldþrot Ólafs Arnars samkvæmt lögum nr. 23/1985, sbr. 1. mgr. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979. Stefndi varð að segja sig frá verki með ótvíræðum hætti, ef hann taldi sig ekki geta unnið að málinu, svo að áfrýjandi

ætti þess kost að leita til annars lögmanns. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að laun þau, sem áfrýjandi átti inni hjá Axinu, hafi verið lægri en nam þeirri fjárhæð, sem hann tók að sér að innheimta.

Af framangreindu leiðir, að stefndi er skaðabótaskyldur gagnvart áfrýjanda og að taka ber höfuðstól kröfu áfrýjanda til greina í heild sinni. Rétt er, að stefndi greiði dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá málshöfðun í héraði 19. apríl 1988 til greiðsludags. Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Oddsson, greiði áfrýjanda, Ægi Stefáni Hilmarssyni, 115.900 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. apríl 1988 til greiðsludags og 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms skal vera óraskað.

#### Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 29. apríl 1992.

##### I.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. apríl 1992, hefur Ægir Stefán Hilmarsson, kt. 160763-3889, Háengi 6, Selfossi, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 19. 4. 1988, á hendur Jóni Oddssyni, kt. 050141-4549, Ásbúð 102, Garðakaupstað. Dómur var kveðinn upp í málinu í héraði 12. maí 1989. Málinu var áfrýjað, og með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 27. mars 1992, í hæstaréttarmálinu nr. 221/1989 var héraðsdómurinn ómerktur og mælt fyrir um, að málið skyldi tekið upp að nýju til munnlegs flutnings og dómsuppsögu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 115.900 kr., ásamt [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaði].

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Til vara gerir stefndi þær dómkröfur, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og einungis teknar til greina að óverulegu leyti og að stefnandi

verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar á sama hátt og í aðalkröfu er krafist.

Sáttatilaunir dómara hafa reynst árangurslausar.

## II.

Í máli þessu krefur stefnandi, Ægir Stefán Hilmarsson, stefnda, Jón Oddsson hæstaréttarlögmenn, bóta vegna ætlaðra mistaka við lögmennsstörf fyrir stefnanda og endurgreiðslu á innborgaðri lögmennspóknun. Bótakrafan er 105.900 kr. og endurgreiðslukrafan 10.000 kr., samtals stefnukrafan 115.900 kr., með vöxtum og málskostnaði, eins og áður er lýst.

Bótakrafan er einkum á því reist, að stefnandi hafi vorið 1986 falið stefnda að innheimta vinnulaunakröfu, að fjárhæð 105.900 kr. Hinn 1. júní 1987 hafi bú skuldara kröfunnar verið tekið til gjaldprotaskipta. Kröfulýsingarfrestur hafi runnið út 16. ágúst 1987, án þess að lögmaðurinn lýsti kröfunni í búíð. Það hafi orðið til þess, að stefnandi hafi misst af möguleikum sínum til að fá kröfuna greidda úr ríkissjóði á grundvelli laga nr. 23/1985 um ríkisábyrgð á launum.

Endurgreiðslukrafan er á því reist, að 15. október 1986 greiddi stefnandi stefnda 10.000 kr. upp í lögmennspóknun.

Varnir stefnda eru einkum reistar á eftirtöldum atriðum:

1. Stefnandi hafi falið stefnda að innheimta kröfu á hendur Ólafi Árnasyni, Skólagerði 17, Kópavogi. Málsókn þessi sé á því reist, að innheimtunni hafi átt að beina að Ólafi Arnars, Ferjubakka 14, Reykjavík, og lýsa kröfunni samkvæmt innköllun í þrotabú hans.

2. Stefnandi hafi ekki sinnt tilmælum hins stefnda lögmenns síns um að láta í té nauðsynleg gögn og upplýsingar, til þess að unnt væri að höfða mál til greiðslu kröfunnar, eftir atvikum lýsa kröfunni í þrotabú.

3. Varakrafa stefnda um lækkun bóta kröfu er á því reist, að enn séu ekki fram komin gögn, er sýni, að vinnulaunakrafa stefnanda hafi verið rétt og hefði fengist dæmd eða viðurkennd. Fram komin gögn og upplýsingar bendi þvert á móti til þess, að hún hefði a. m. k. sætt verulegri lækkun.

Stefnandi telur í fyrsta lagi, að hann hafi látið lögmanni í té nægjanleg gögn um fjárhæð kröfunnar, þ. á m. dagbók sína, þar sem skráðar hafa verið unnar vinnustundir, og einnig veitt honum upplýsingar um umsamið kaup, og í öðru lagi hefði gagnaöflun mátt fara fram eftir lýsingu kröfunnar í þrotabúíð. Beri lögmaðurinn sönnunarbyrði fyrir því, að krafan hefði ekki verið tekin til greina vegna ófullnægjandi gagna.

## III.

Í stefnu segir m. a.: „Málavextir eru þeir, að Ægir Stefán Hilmarsson fól Jóni Oddssyni hrl. innheimtu á vangoldnum vinnulaunum hjá Ólafi

Arnars, Skólagerði 17, Kópavogi, vegna Brauðgerðarinnar Axins, Starmýri 2, Reykjavík. Vinnulaunin voru fyrir vinnu tímabilið 3. mars 1986 til 12. maí 1986.“

Við þingfestingu málsins lagði lögmaður stefnanda m. a. fram kæru stefnanda til Lögmannafélags Íslands, dags. 26. 1. 1988.

Kæran er handskrifuð af stefnanda sjálfum, og segir þar m. a.:

„Ég undirritaður var að vinna í bakariinu Axinu, Starmýri 2, Reykjavík, frá 3. mars til 12. maí 1986. Eigandi bakarísins var Ólafur Árnason. Ég bjó austur á Selfossi og varð að hætta að vinna hjá bakariinu, því að ég fékk ekki laun mín greidd og hafði ekki lengur efni á að fjármagna ferðirnar á milli. Þegar ég hætti, átti ég inni laun að upphæð 105.900 kr.

Bið ég Jón Oddsson hrl. að innheimta þessi laun fyrir mig, og segir hann mér, að þetta sé alveg 100% unnið mál hjá mér, launakröfur hafi alltaf forgang. Stuttu eftir að ég hætti hjá bakariinu, var því lokað (fór á hausinn). Hinir krakkarnir, sem unnu hjá fyrirtækinu, höfðu ekki heldur fengið sín laun greidd, og fólu þau Skúla Sigurðssyni að innheimta sín laun.

Ég fékk giróseðil sendan frá Jóni Oddssyni, dagsettan 4. 10. 1986, að upphæð 10.000 kr., sem átti að vera lágmarksinnborgun vegna verkbeidni. Svo fékk ég ítrekun á þessum reikningi, dags. 10. 10. 1986, og átti málið að falla út af dagskrá, yrði reikningurinn ekki greiddur fyrir 17. 10. 1986 (á þessum tíma stóð ég í íbúðarkaupum og var auðvitað í margföldum mínus vegna þessara vangoldnu launa). En ég skrapaði saman þessar 10.000 kr. og greiddi þær fyrir tiltekinn tíma.

Í þessi tæpu tvö ár, sem Jón Oddsson hrl. hefur haft þetta mál til meðferðar, hef ég margsinnis hringt í hann og reynt að ýta á eftir þessu, en hjá honum hef ég alltaf fengið sama svarið: „Það hefur ekkert gerst í málinu ennþá.“

Núna rétt eftir jólin (1987) hringdi ég í einn af fyrrv. vinnufélögum mínum í Axinu til að fréttu, hvort eitthvað hefði gerst í þeirra máli. Segir hann mér þá, að þau hafi öll fengið sínar launakröfur greiddar út fyrir júl 1987. Með þessar upplýsingar reyni ég að ná sambandi við Jón Oddsson, en það gekk ekki alveg átakalaust; hann var ýmist sagður upptekinn, á fundi eða ekki við. Svo fékk ég þau skilaboð, að ef ég þyrfti að ná sambandi við hann, gæti ég bara skrifað honum bréf.

Á endanum fékk ég þó að tala við manninn (varð bara að vera með frekju), og hafði hann ekki neinar fréttir af málinu, ekkert hafði gerst, og ekki hafði hann hugmynd um, að hinir krakkarnir höfðu fengið allt sitt greitt.

Eftir samtalið við Jón Oddsson hafði ég samband við borgarfégeta-embættið í Reykjavík og fékk þar þær upplýsingar, að Jón Oddsson hefði aldrei lýst kröfu í þetta þrotabú fyrir mig.

Vil ég nú biðja ykkur hjá Lögmannafélagi Íslands að rannsaka fyrir mig gang þessa máls, þ. e. vinnubrögð Jóns Oddssonar í þessu máli.

Ég hætti fyrstur hjá fyrirtækinu og fór fyrstur með málið til lögfræðings, og þykir mér þetta því undarlegur seinagangur með mitt mál.“

Þegar stefnandi, Ægir Stefán, kom fyrir dóm 27. október 1988, sagði hann, aðspurður um það, hver hefði ráðið hann: „Nú, það var Ólafur Árnason, sem réð mig.“

Við þingfestingu málsins lagði lögmaður stefnanda fram afrit tveggja innheimtubrifa frá hinum stefnda lögmanni. Innheimtubræfin, sem dagsett eru 4. júní 1986, dskj. nr. 5, og 4. október 1986, dskj. nr. 6, eru bæði stíluð á Ólaf Árnason, Skólagerði 17, Kópavogi. Á þau er skráð: Afrit sent: Stefáni Ægi Hilmarssyni, Háengi 6, 800 Selfossi.

Í greinargerð stefnda, sem hann lagði fram á dómþingi 10. maí 1988, segir m. a.: „Stefnandi bað stefnda að senda innheimtubríf vorið 1986, sem stefndi gerði, sbr. dskj. nr. 5, sem er ljósrit umrædds bréfs, er stefnanda var sent, um leið og bréfið fór út ....

Það skal sérstaklega tekið hér fram, að mjög mikil áhersla var lögð á það að fá gögn frá stefnanda, þar sem fram kom í munnlegum upplýsingum hans vafi um réttindi hans í viðkomandi iðngrein, óreglubundinn vinnutími og að samið hefði verið um kaup og kjör með öðrum hætti en samkvæmt kjarasamningum. Þá var og óskað eftir upplýsingum um stéttarfélag. Þá var og óljóst í munnlegum uppl., hver hefði ráðið hann í umrædda vinnu, en hann tilgreindi sem skuldara umræddrar kröfu Ólaf Árnason, Skólagerði 17, Kópavogi, sbr. dskj. 5 og 6 í bréfi stefnanda til stjórnar LMFÍ, dags. 26. janúar 1988, sbr. dskj. 8. Það virtist í viðræðum óljóst, að hve miklu leyti tilgreindur Ólafur hefði ráðið stefnanda til umræddrar vinnu. Var því hér þörf á vandvirkni við gagnaöflun. Tilmæli um gögn og upplýsingar voru margítrekuð við stefnanda og því að þessu leyti rétt, er fram kemur hjá honum á dskj. 8, að hann hafi nokkrum sinnum hringt til stefnda, en honum tjáð, að ekkert væri að fréttu af málinu. En hann gleymir að geta þess, að í hverju símtali var honum tjáð, að ekki væri mögulegt að sinna málinu frekar, þar sem gögn og upplýsingar vantaði.

Stefnandi reisir kröfur sínar m. a. á því, að stefnda hafi láðst að lýsa umræddum vinnulaunakröfum í gjaldþrotabú tilgr. Ólafs Arnars, Ferjubakka 14 í Reykjavík, sbr. dskj. 14-20, en úrskurður um töku búsins til skipta var 1. júní 1987, og kröfulýsingarfresti lauk 15. ágúst 1987, rösku ári eftir að stefnandi kom til stefnda, og sinni eigi allt það ár tilmælum stefnda um gögn o. fl., sbr. áðurgreint. Eðlilega hefði stefndi hætt afskiptum af umræddri kröfugerð í árslok 1988, sbr. áðurgreint. Samkvæmt upplýsingum stefnanda til stefnda, sbr. dskj. 5-8, og stefnandi hafði fengið ljósrit af og ekki gert athugasemdir við, var þar tilgr. skuldari Ólafur Árna-

son, Skólagerði 17, Kópavogi, er það og endurtekið í bréfi stefnanda til stjórnar LMFÍ, sbr. dskj. 8, dags. 20. janúar 1988. Vandséð er því, hvernig stefndi hefði átt að gera sér grein fyrir, að tilgreint gjaldprot, sbr. dskj. 14-20, hjá Ólafi Arnars, Ferjubakka 14 í Reykjavík, væri tengt kröfum stefnanda.“

## IV.

Þegar dómariinn í byrjun þessa mánaðar boðaði lögmennt aðila til þinghalds til endurupptöku og málflyttings, benti hann þeim á það í símtali, að æskilegt kynni að vera að upplýsa nánar, hver hefði verið réttur skuldari vinnulaunakröfu stefnanda. Í þinghaldi 28. þ. m., þegar málið var endurupptekið og flutt að nýju, lagði lögmaður stefnanda fram með samþykki lögmanns stefnda vottorð Hagstofu Íslands, dags. 28. 6. 1991, svohljóðandi:

„Hér með vottast, að Ólafur Arnars, kt. 210946-2849, hefur átt lögheimili á þeim stöðum, er hér greindir, frá árinu 1983 að telja:

0. 0. 1983 - 1. 1. 1986 Mjóahlíð 2, Reykjavík,

1. 1. 1986 - 1. 7. 1986\*\* Stigahlíð 24, Reykjavík,

1. 7. 1986 til dagsins í dag Ferjubakki 14, Reykjavík.

\*\*Aðsetur að Skólagerði 17, Kópavogi, frá 1. 1. 1986-1. 7. 1986.“

Áður en málflytningur hófst, bókaði dómari í samræmi við munnlega ábendingu fyrir í þinghaldinu, áður en gagnaöflun var að nýju lýst lokið:

„Dómari beinir því til lögmanns stefnanda að upplýsa og reifa málið sérstaklega um:

Hver sé Ólafur Árnason, Skólagerði 17, Kópavogi, hvert sé samband hans og Ólafs Arnars, Ferjubakka 14, og/eða Brauðgerðarinnar Axið.“

Síðan er bókað: „Lögmaður stefnanda kveður umþjóðanda sinn hafa nefnt Ólaf Arnars Ólaf Árnason. Um frekari skýringar á þessu atriði sé ekki að ræða.“

## V.

Í málflytningi hins stefnda lögmanns, Jóns Oddssonar, kom fram sú skoðun, að mál þetta hefði að líkindum aldrei verið höfðað, ef eigi hefði legið fyrir álit stjórnar Lögmannafélags Íslands, bókað á fundi stjórnarinnar 17. febrúar 1987. Gögn þau, er stjórnin hafi haft í höndum, hafi verið kæra stefnanda frá 26. 1. 1988, en meginefni hennar er að finna á bls. 3 og 4 í dómi þessum, og svarbréf hins stefnda lögmanns við kærinni, dags. 10. febrúar 1988, sem hljóðar svo:

„Umræddur aðili óskaði eftir umræddri innheimtuaðgerð vegna van-goldinna vinnulauna til hans. Var innheimtubríf sent og það ítrekað. Hon-

um var send krafa um greiðslu inn á verkbeiðni, og dróst greiðsla frá honum, eins og um getur í bréfi hans.

Í upphafi var honum gerð grein fyrir því, að hann þyrfti að leggja fram gögn, til að unnt yrði að halda málinu áfram, s. s. sundurliðun vegna vinnunnar og umsamið kaup og taxta. Var þetta ávallt ítrekað við hann og honum tjáð, að ekki yrði hægt að fylgja kröfunni eftir, nema umrædd gögn bærust.

Þar sem mér hafa ekki borist umrædd gögn, hefur ekki verið unnt að vinna frekar að málinu, og því miður virðist þetta hafa valdið kæranda tjóni. Harma ég það.“

Bendir lögmaðurinn á tvennt:

Stefnandi viti enn ekki betur, þegar hann ritar kæru sína, en skuldari vinnulaunakröfunnar hafi verið Ólafur Árnason. Sama gildi um hann sjálfan, hann hafi, svo sem sjá megi af svarbréfi sínu, gagnrýnislaust tekið það trúanlegt, sem fram komi í kæru, að bú hins uppgefna skuldara, Ólafs Árnasonar, Skólagerði 17, hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Álit stjórnar lögmannafélagsins frá 18. febrúar 1988, þar sem niðurstaðan sé sú, „að Jón Oddsson hafi brotið gegn starfsskyldum sínum með því að lýsa ekki vinnulaunakröfu Ægis Stefáns Hilmarssonar í umrætt þrotabú“, sé reist á röngum upplýsingum; þar sé í samræmi við þau gögn, er stjórnin hafi haft í höndum, byggt á því, að skuldari sá, sem tilgreindur er í kæru, hafi orðið gjaldþrota.

Loks tekur stefndi fram, að nafn Ólafs Arnars, Ferjubakka 14, hafi hann hvorki heyrt né séð varðandi innheimtu þessa fyrr en í innheimtubrési lögmanns stefnanda í máli þessu til sín, dags. 17. mars 1988.

### *Álit dómsins.*

Af hálfu stefnanda er málsókn þessi á því reist, að stefndi hafi valdið honum tjóni á saknæman hátt með því að sinna ekki lögmannsskyldum sínum við innheimtu kröfu á hendur Ólafi Arnars, sem varð gjaldþrota 1. júní 1987 og átti heimili að Ferjubakka 14, Reykjavík, er innköllun birtist.

Í málinu er fram komið og óumdeilt, að stefnandi fól stefnda ekki innheimtu kröfu á hendur nefndum Ólafi Arnars, heldur á hendur Ólafi Árnasyni, Skólagerði 17, Kópavogi.

Yfirlýsingu lögmanns stefnanda, er bókuð var við málflutning, verður að skilja svo, að stefnandi hafi nefnt fyrrverandi vinnuveitanda sinn röngu nafni, er hann fól hinum stefnda lögmanni innheimtu kröfunnar, Ólafur Arnars og Ólafur Árnason sé ein og sama persóna.

Stefnandi fékk ítrekað tilefni til þess að leiðrétta greinda missögn, ef um missögn var að ræða, er hann fékk afrit af innheimtubrífum lögmannsins,

dags. 4. júní 1986 og 4. október 1986. Fram er komið í málinu, að í kæru til Lögmannafélags Íslands, dags. 21. 1. 1988, sem rituð er nær hálfu ári eftir, að kröfulýsingarfrestur í bú Ólafs Arnars rann út, tilgreindir stefnandi Ólaf Árnason ennþá sem skuldara kröfunnar.

Af hálfu stefnanda hefur hvorki verið upplýst, hvort bakaríið Axið, Star-  
mýri 2, hafi verið skráð firma og þá hvers né hvort einstaklingurinn Ólafur  
Árnason, Skólagerði 17, hafi verið finnanlegur í þjóðskrá. Vegna þessa  
skorts á upplýsingum í málinu er ekki unnt að fullyrða, að hinn stefndi  
lögmaður hefði við vandaðan undirbúning stefnu átt að uppgötva, að  
skuldari vinnulaunakröfunnar bæri annað nafn en umbjóðandi hans hafði  
tjáð honum.

Að öllu þessu framansögðu athuguðu verður ekki á það fallist með  
stefnanda, að saknæmri vanrækslu stefnda verði um kennt, að hann  
lýsti eigi kröfu, er innköllun birtist í þrotabú Ólafs Arnars, Ferjubakka  
17. Stefnandi, Ægir Stefán, má sjálfum sér um kenna, að krafan tap-  
aðist.

Er kröfulýsingarfrestur í umrætt þrotabú var úti 16. ágúst 1987, voru  
liðnir meira en fimmtán mánuðir, frá því að stefndi fékk kröfuna til inn-  
heimtu, og nær tíu mánuðir, frá því að hann ritaði síðara kröfubréfið. Ekki  
verður þó talið, að sá dráttur á málshöfðun felli einn sér bótaskyldu á  
stefnda, eins og hér stendur á, en gögn þau, er stefnandi lét stefnda í té,  
eigin upplýsingar um tímafjölda og fjárhæð tímakaups, voru í rýrara lagi  
sem grundvöllur málshöfðunar.

Á hinn bóginn verður að telja, að umræddur dráttur sé slíkur, að stefndi  
hafi fyrirgert rétti til málflutningsþóknunar, eins og komið er, og er þá  
jafnframt haft í huga, að stefndi hefur ekki sannað, að hann hafi lagt fyrir  
umbjóðanda sinn að koma með tiltekin gögn, og stefndi heldur því ekki  
fram, að hann hafi sjálfur gert frekari reka að gagnaöflun en fólst í því  
að senda kröfubréfin.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefndi verður sýknaður af bótakröfu  
stefnanda, en stefnda ber að endurgreiða stefnanda lögmannsþóknun, að  
fjárhæð 10.000 kr., með vöxtum, eins og stefnandi krefst.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður, þ. m. t. þóknun til skipaðs talsmanns stefnanda,  
Ólafs Sigurgeirssonar hdl., 50.000 kr., greiðist úr rikissjóði. Gjafsóknar-  
laun eru stórlega lækkuð, bæði vegna þess að augljóst er, að gjafsóknin  
hefur fengist á grundvelli úrskurðar LMFÍ, sem lögmaður stefnanda vissi  
eða mátti vita, að var reistur á röngum og villandi upplýsingum kæranda,  
þegar hann fékk gjafsóknina 3. júní 1988, svo og vegna þess, að gagnaöflun  
stefnanda í málinu er að mati dómarsins áfátt, samanber bókanir, áður en  
gagnaöflun var lýst lokið fyrir hinn síðasta málflutning.

Már Pétursson bæjarfógeti, sem farið hefur með mál þetta frá heimvísun þess 27. mars 1992, kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Oddsson, greiði stefnanda, Ægi Stefáni Hilmarssyni, 10.000 kr. með 27% ársvöxtum frá 15. október 1986 til 1. 3. 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 6. 1987, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 7. 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 8. 1987, með 40% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 9. 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 10. 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 11. 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 1. 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 3. 1988, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 26. 4. 1988, en með ársvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Leggja skal áfallna dráttarvexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. 1. 1987.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður í málinu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns stefnanda, Ólafs Sigurgeirssonar hdl., 50.000 kr.

---